



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs

Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 12. janúar 2017

1701128 ÞJ

Efni: Mánaðar- og árshlutauppgjör 2017

Mánaðaruppgjör

- Gert er ráð fyrir að samþykkt útistandandi reikninga hvers mánaðar sé lokið þann 24. næsta mánaðar og bókhaldstímabili sé einnig lokið á sama eða næsta degi. Mánaðaryfirlit rekstrar hvers mánaðar er svo sent til viðkomandi stjórnanda síðasta mánudag næsta mánaðar á eftir.

Þriggja, sex og níu mánaða uppgjör

- Farið verður yfir helstu rekstrarniðurstöður A- hluta, B- hluta og samstæðureiknings tímabilsins. Jafnframt verður farið yfir og rýnt í helstu breytingar og þróun á lykiltölum í efnahagsreikningi.
- Við yfirferð á uppgjörum verður farið yfir rauntölur tímabilsins og þær bornar saman við það er áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir. Gert verður grein fyrir helstu frávikum frá áætlun og farið verður vel í ástæður þess að rauntölum beri ekki saman við það er áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.
- Þriggja, sex og níu mánaða uppgjör bæjarins ásamt greinargerð eiga að liggja fyrir 19. maí (3 mánaða uppgjör), 18. ágúst (6 mánaða uppgjör) og 24. nóvember (9. mánaða uppgjör) þessa árs og fjármáladeild bæjarins verður reiðubúin til að fara ítarlega yfir þau uppgjör með tilheyrandi útskýringum frá og með þeim dagsetningum.

Virðingarfyllt,

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri